



# Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna

sbr. lög nr. 86/2021

## Markmið sambættingar

## Snemmtæk íhlutun

Meginmarkmið sambættingar er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Sambætting þjónustu er aðstoð við foreldra við að finna lausnir á vanda barna. Árangur næst m.a. með nánu samstarfi milli foreldra, barna, skóla og annarra sem veita fjölskyldum þjónustu.

Með sambættingu er brugðist við þörfum barna og foreldra fyrir þjónustu á skjótan og skilvirkan hátt þegar þörf krefur. Sambætting þjónustu getur m.a. falist í því að hafa milligöngu um að vísa málefnum barns eða fjölskyldu í viðeigandi þjónustukerfi.



# HVAÐ ER SAMÞÆTTING ÞJÓNUSTU?

## Tengiliður

### Öll börn hafa skilgreindan tengilið

Öll börn og foreldrar hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns.

Tengiliðir eru starfandi í öllum leik-, grunn- og framhaldsskólum í Fjarðabyggð. Fyrir ungabörn eru tengiliðir starfandi í heilbrigðiskerfinu. Fyrir börn á framhaldsskólaaldri sem ekki stunda nám, er tengiliður barns starfsmaður félagsþjónustu. Upplýsingar um tengiliði í skólum Fjarðabyggðar má nálgast á vefsíðu Fjarðabyggðar og á vefsíðum skólastofnana.

Tengiliður hefur viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna og rækir hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Hann aðstoðar við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns, m.a. með samtölum við foreldra og barn og eftir atvikum aðra þjónustuveitendur, t.d. skóla.

Tengiliður veitir foreldrum og barni upplýsingar um mögulega þjónustu við barn og skipuleggur og fylgir eftir að barn og/eða fjölskylda fái viðeigandi þjónustu. Í þessu fellst m.a. að tengja fjölskyldur við þjónustuveitendur.

Ef tengiliður telur ástæða er til að ætla að barn þurfi umfangsmeiri samþættingu en hann getur veitt, skal hann koma upplýsingum til fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar um að barnið skuli fá málstjóra.

## Málstjóri

### Sprettur

Málstjóri er starfsmaður fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar. Hann hefur þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna og vinnur samvinnu við foreldra og barn.

Málstjóri aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns, t.d. með öflun upplýsinga á fundum með foreldrum, barni og þjónustuveitendum.

Málstjóri ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og stýrir stuðningsteymi (Spretti). Að jafnaði er stuðningsáætlun gerð á Sprettfundum.

Sprettur er teymi foreldra og fagfólks sem vinnur saman að því að bæta aðstæður barns. Fagfólkið kemur m.a. frá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, skólunum og Heilbrigðisstofnun Austurlands. Í raun eru engin takmörk á því hverjir aðrir geta komið að vinnu Sprettis, en það fer allt eftir hverju tilviki fyrir sig.

Komi fram áhyggjur af stöðu barns heima, í skóla, eða annarsstaðar geta foreldrar eða barn leitað til tengiliar, fengið hjá honum upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna og eftir atvikum óskað eftir samþættingu þjónustu. Tengiliður á í upphafi samtals við foreldrar og/eða barn um hvað skuli gert.

Þegar fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu getur tengiliður aflað upplýsinga um aðstæður barns. Til að tryggja hagsmuni barns og að því marki sem það er nauðsynlegt fyrir samþættingu þjónustunnar er tengilið og þjónustuveitendum heimilt að miðla upplýsingum um aðstæður barnsins sín á milli.

Að jafnaði er störfum tengiliðar lokið þegar fjölskyldan hefur verið tengd við réttan þjónustuveitanda m.v. vandann sem verið er að vinna með. Ef þörf er á getur tengiliður leitað aðstoðar málstjóra (Sprettis).

Sprettur setur sér markmið, finnur leiðir til að ná markmiðinu og deilir verkefnum á milli þátttakenda stuðningsteymisins. Teymisfundir eru stuttir og hnitmiðaðir þar sem gert er stöðumat og teknar ákvarðanir um framhald teymisvinnunnar.

Áhersla er lögð á að vinna fagaðila fari fram í nærumhverfi barnsins, t.d. á heimili barnsins eða í skóla. Virk þátttaka foreldra er ein grunnforsenda þess að árangur náist.

Fjölskyldur þurfa ekki að leita á marga staði eftir viðeigandi þjónustu, heldur er það tengiliðar og eftir atvikum málstjóra að aðstoða foreldra við að finna rétta farveginn.

Vinnan sem fram fer byggir á samstarfi foreldra og fagaðila. Með þessum hætti hafa foreldrar meiri áhrif á gang mála auk þess að vera mikilvægustu þátttakendurnir í allri vinnu.

Þegar fenginn er málstjóri fá foreldrar aðgang að helstu fagaðilum á einum stað frekar en að þurfa að fara á milli stofnana í leit að viðeigandi aðstoð.

Þátttakendur í teyminu deila nauðsynlegum upplýsingum sín á milli þannig að allir eru vel upplýstir.

Þegar óskað er eftir samþættingu þjónustu eru foreldrar og/eða barn jafnframt að samþykkja að vinnsla upplýsinga um aðstæður barnsins sé heimil hjá tengiliðum, málstjórum og öðrum þjónustuveitendum.

Allir þeir sem koma að samþættingu þjónustu fyrir barn eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem þeir verða áskynja um.

Þeir sem óskað hafa eftir samþættingu þjónustu geta hvenær sem er dregið beiðni sína til baka. Lýkur samþættingunni þá þegar.

Sérstök athygli er vakin á því að samþætting þjónustu kemur ekki í stað lögbundinnar tilkynningarskyldu til barnaverndar.

## Til umhugsunar

### Fyrir foreldra

- Í hverju felst vandinn? Sést vandinn á heimilinu, í skólanum eða hvoru tveggja?
- Hvað gengur vel? Hvað gæti gengið betur?
- Er eitthvað á heimilinu sem ýtir undir vanda barnsins eða vanlíðan?
- Hvenær líður barninu vel? En illa?
- Hvað get ég gert til að aðstoða við lausn vandans?

## Mitt hlutverk

### Til hvers er ætlast af foreldrum?

- Foreldrar eru helstu sérfræðingar í sínum börnum og því er mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í allri vinnu.
- Foreldrar þurfa að vera tilbúnir að taka við leiðbeiningum og stuðningi. Þeir þurfa jafnframt að vera tilbúnir til að fylgja eftir þeim verkefnum sem þeim eru falin af stuðningsteymi (Spretti).
- Foreldrar eru mikilvægasta heimildin um árangur vinnunnar. Þeir þurfa því að geta veitt upplýsingar um aðstæður barns, bæði í upphafi vinnunnar og ekki síður á meðan vinnan er í gangi.